

Menntamálanefnd Alþingis
B.t. Hlínar Lilju Sigfúsdóttur nefndarritara

Reykjavík, hinn 28. apríl 2005

Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. (643. mál) og frumvarp til laga um breytingar á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands (644. mál)

I

Visað er til bréfs yðar, dags. 14. apríl 2005, varðandi umsögn um 643. og 644. mál, frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf. og frumvarp til laga um breytingar á lögum um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Eftirfarandi er umsögn Bandalags háskólamanna (BHM) um þingmálið.

Í samræmi við niðurlag í II. kafla umsagnar þessarar er áskilinn réttur til framhaldsumsagnar þegar bætt hefur verið úr því sem þar er bent á.

II

Að því er varðar 643. mál (RÚV) telur BHM frumvarpið óljóst varðandi réttindi starfsmanna til nýrra starfa og biðlauna og algerlega óásættanlegt hvað varðar lífeyrisréttindi þeirra fjölmörgu starfsmanna RÚV sem eru í B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR).

Réttur til starfa og biðlauna (1.-4. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða)

Varðandi hið fyrrnefnda er átt við ósamræmi í 2. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í frumvarpinu þar sem annars vegar er kveðið á um rétt til sambærilegra starfa eftir formbreytingu og hins vegar að þó fari um biðlaunarétt þeirra eftir lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Aftur virðist gert ráð fyrir því í 3. mgr. ákvæðisins að biðlaunaréttur sé fyrir hendi en glattist við tilgreind skilyrði. Loks er gert ráð fyrir öruggum biðlaunarétti í 4. mgr. – enda ljóst að frumvarpið gerir ráð fyrir að starfsöryggi og fleira glattist við formbreytinguna; hins vegar virðast frumvarpshöfundar telja að óvissu sé háð hvort biðlaunagreiðsluábyrgð hvíli á RÚV sf. eða ríkinu. Þetta þarf að skýra – í væntanlegum lagatexta en ekki einungis í nefndaráliði.

Lífeyrisréttindi (5.-6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða)

Hvað varðar lífeyrisréttindi sjóðfélaga í B-deild LSR er einkum átt við rétt til viðmiðunar við laun eftirmanna svo og ávinnslu samkvæmt svonefndri 10 ára reglu og áframhaldandi ávinnslu í samræmi við þau laun sem greidd verða á hverjum tíma í framtíðinni hjá ríkisfyrirtækinu RÚV sf. Gert er ráð fyrir að þetta stafi af mistökum við samningu frumvarpsins enda hefur frumvarpið ekki verið kynnt sem skerðing á lífeyrisréttindum starfsmanna RÚV og næsta víst að engin pólitísk sátt sé um slíkt.

Auk þess áskilur BHM sér rétt til þess að láta á það reyna hvort slíkt afnám stæðist ákvæði stjórnarskrárinnar – m.a. um jafnræði í 1. mgr. 65. gr. stj.skr., fríðhelgi eignarréttar í 1. mgr. 72. gr. stj.skr. og samningsrétt launafólks í 2. mgr. 75. gr. stj.skr.

Þá má nefna að sambærileg takmörkun og getur í niðurlagi 5. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða mun ekki hafa verið gerð á öðrum ríkisstofnunum sem lagðar hafa verið niður nema í tilviki Pósts og Síma. Við formbreytingu allra annarra ríkisstofnana hafa lagafrumvörp verið án þeirrar takmörkunar sem hér er lögð til – sem virðist vera sértæk lausn á almennu en margslungnu álitamáli er varðar rétt til lífeyris samhliða launum.

Fyrir liggur að orðalag 5. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í frumvarpinu mun orðrétt tekið upp úr frumvarpi til laga um hlutafélagsvæðingu Pósts og Síma (sbr. lög nr. 103/1996) eins og menntamálaráðherra gaf til kynna í þingræðu 11. apríl sl. og getið er í athugasemdum við ákvæði þetta í greinargerð með frumvarpinu. Þau lög voru samin og sett áður en LSR var skipt upp í A- og B-deild og því við allt aðrar aðstæður þar sem óhægt var um vik að tryggja áframhaldandi lífeyrisrétt starfsmanna þar. Auk þess var þar um að ræða markaðsvæðingu með stofnun hlutafélags um tvær meginstöðir stofnunarinnar með arðsemi að markmiði og sölu eins og nú stendur fyrir dyrum.

Samkvæmt upplýsingum framkvæmdarstjóra LSR í dag hefur ekki verið haft samráð við LSR – hvorki við samningu frumvarpsins í Stjórnarráðinu né þinglega meðferð þess. Þá hefur sjóðurinn ekki fengið frumvarpið til umsagnar frá menntamálanefnd Alþingis; úr þessu er að mati BHM nauðsynlegt að bæta eftir því sem unnt er nú.

Krafa er gerð um að ákvæðum frumvarpsins, sem girða fyrir áframhaldandi ávinnslu lífeyrisréttinda sjóðfélaga í B-deild LSR sem starfa hjá RÚV, verði breytt í samráði við BHM og önnur hlutaðeigandi samtök til þess að engin réttindi glatist og aðstefndur friður verði um formbreytingu á RÚV. Bent skal á að sú skerðing, sem lögð er til í frumvarpinu, er í beinu ósamræmi við þau ummæli í athugasemdum við ákvæði II til bráðabirgða að tilgangur ákvæðisins sé að

„réttindi starfsmanna Ríkisútvarpsins verði við formbreytinguna tryggð með eðlilegum hætti, kveðið á um [...] lífeyrisréttindi. Hefur það verið haft að leiðarljósi að ekki verði hallað á réttindi starfsmanna stofnunarinnar við breytingu á rekstrarformi hennar.“

Þá má bæta orðalag 6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða þannig að lífeyrissjóðsaðild að A-deild LSR sé í samræmi við sameiginlegan skilning aðila að sjóðnum hingað til.

Að nauðsynlegri breytingu fenginni mun BHM gefa umsögn um önnur ákvæði frumvarpsins – þ.m.t. um hæfisskilyrði til útvarpsstjóra og þau áhrif sem frumvarpið kann að hafa á samningsrétt stéttarfélaga sem bundin eru við stofnunina.

III

Hvað 644. mál (Sinfóníuhljómsveit Íslands) varðar styður BHM eindregið að sérstök hlutdeild RÚV í fjármögnun þeirrar ríkisstofnunar falli brott enda eykur það gegnsæi auk þess sem RÚV á fullt í fangi með að standa straum af eigin rekstri. Gert er ráð fyrir að taka þurfi í kjölfarið afstöðu til þess hvort breyting á formlegum greiðanda tengist reglum á sviði hugverkaréttar um greiðslur fyrir notkun í útvarpi. Ekki er tekin



Bandalag
háskólamanna

afstaða til þess hvort sjálfgefið sé að falla frá því að RÚV tilnefni eftir sem áður í stjórn hljómsveitarinnar en ljóst er að RÚV f.h. hlustenda er meðal stærstu þjónustuþega Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar BHM e.u.,

Gisli Tryggvason,
framkvæmdarstjóri BHM.

Afrit:

Félag fréttamanna.

Fjármálaráðherra.

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

Menntamálaráðherra.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins.

Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga.

Útgarður – félag háskólamanna.